

Aðalfundur Félags Hrossabænda

haldinn þann 7. nóvember 2008 á Hótel Sögu

Kristinn Guðnason, formaður FHB setti fundinn og skipaði starfsmenn fundarins:
Fundarstjórar, Kári Arnórsson og Baldvin Kr. Baldvinsson.
Fundarritari, Bertha G. Kvaran.

Ávörp gesta:

Haraldur Benediktsson frá Bændasamtökum Íslands þakkar samstarf við hrossabændur liðin ár. Hann nefnir hve ástandið í þjóðfélaginu sé undarlegt, krísuástand hafi skapast og óhefðbundin verkefni hafa verið uppi á borði síðustu daga hjá BÍ, þar sem megin áhersla er lögð á að fara yfir skuldastöðu bænda og tryggja að búrekstur af hverju tagi muni ekki stöðvast. Bændasamtökin ætla að reyna að undirbúa sig undir hvaða viðbrögð skuli við hafa ef einhverjir bændur lenda í erfiðleikum. Landbúnaðurinn hefur notið skilnings landans í gegnum tíðina, en nú sem aldrei fyrr. Fólkinu í landinu finnst styrkur í því að vita af öflugum landbúnaði og samleppnisaðastaða landbúnaðarins mun styrkjast. Útflutningsmöguleikar hafa aukist og verð hafa lagast. Einhverjir munu þurfa að horfast í augu við óyfirstíganlega erfiðleika. Haraldur óskar fundinum velfarnaðar í sínum störfum.

Sigurður Ævarsson frá Landsambandi hestamanna, þakkar fundarboðið. Árið 2008 var ár stórra hluta á landinu, m.a. landsmótið, með metaðsókn og góða afkomu. Markmið LM tókust, þ.e. að eignast sjóð til að byggja á og til að auka umfang landsmóta. Raddir eru uppi núna um að finna upp aðferðir til að minnka umfang mótanna. Fyrirhugað er að stækka FM á Vesturlandi, en Vestlendingar buðu Skagfirðingum og Húnavetningum að taka þátt í komandi fjórðungsmóti, og telur stjórn LM að þar sé frekar vetvangur til tilrauna en á landsmótum. Samstarf hestamanna þarf að vera öflugt, íslenski hesturinn er örugg vara.

Bjarni Maronsson, frá Landgræðslunni þakkar einnig fundarboðið og flytur kveðjur frá Sveini Runólfssyni og öðru starfsfólki Landgræðslunnar. Bjarni segir frá því að Landgræðslan hefur séð um þátt landnýtingar í verkefninu *Gæðastýring í hrossarækt*. Fyrir nokkrum árum var mikil neikvæð umræða um offjölgun hrossa vegna ofbeitar, og er því brýnt að efla hlut gæðastýringar. Hrossabú í verkefninu eru núna 46. Hann nefnir dæmi um að bóndi, með góða og virka beitarstýringu, getui sparað verulega í heyjum, sem munar verulega miklu nú á tímum. Starfsmenn landgræðslunnar eru reiðubúnir til viðræðna og samstarfs um frekari þróun samstarfs við hrossabændur. Mjög neikvætt er að ofbeitartilfellum virðist fjölga á ný, enda er hrossum að fjölga aftur í landinu og þarf að virkja fræðslu í landlæsi, til að koma í veg fyrir ofbeit lands.

Sigrún Ólafsdóttir frá Félagi tamningamanna færir kveðjur stjórnar FT. Hún talar um ástandið í þjóðfélaginu og mikilvægi þess að félög innan greinarinnar starfi saman og nýti þau tækifæri sem eru í greininni. FT og LH hafa haft gott samstarf sl. ár og vil FT leggja meiri áherslu á frekara samstarf við Félag hrossabænda.

Kristinn Guðnason þakkar gestum hlý orð og óskir til handa Félagi hrossabænda.

Skýrsla stjórnar

Kristinn Guðnason flutti skýrsluna.

Sigbjörn Björnsson, er nú varaformaður. Haldnir voru 5 stjórnarfundir auk aðalfundar á árinu. Skrifstofa er í Bændahöllinni, og er Hulda G. Geirsdóttir starfsmaður félagsins með 35% starfshlutfall, sem stendur jafnvel til að auka. Helstu verkefni er varða afurðarmál eru þau eins og áður að tryggja afsetningarmöguleika. Félagið hefur styrkt SS í vöruþróun og markaðssetningu, ásamt því að styrkja sláturhúsið á Hvammstanga til markaðssetningar á frampörtum til Rússlands. Illa gengur að fá verðið upp, þrátt fyrir góða sölu. Folaldakjötið skilar ekki miklu, en verðið er þó betra þar. Mikið af kjötinu fer erlendis. Stefnan er að halda opnum sláturleyfum og talsverð ásókn er í að farga gripum. Styrkur fékkst úr verðskerðingarsjóði, ef 100 km voru frá sláturhúsi, en nú er kílómetrafjöldinn kominn í 150 km, en aðeins að næsta sláturhúsi. Þessi ákvörðun var tekin, þar sem fleiri sláturhús eru nú komin með útlutningsleyfi.

Hestatorgið á LM tókst vel. Boðið var upp á fyrirlestra, járnngakennslu, Orri og Þorri frá Þúfu og Kraflar og Keilir frá Miðsitju voru til sýnis og vöktu þeir mikla athygli gesta og eru eigendum þeirra færðar miklar þakkir fyrir. Við opnun torgsins var Ulrich Mart heiðraður, fyrir frumkvöðlastarf í útflutningi íslenskra hesta á árum áður.

Kristinn getur þess að markaðsnefnd hefur verið lögð niður, en að þróunarnefnd starfi enn. Fer Kristinn Hugason með forsvar hennar og mun aðeins ein nefnd starfa áfram. Þetta ár hefur farið í að klára mál markaðsnefndarinnar. Næsta ár verður sjóðurinn óskertur. Hulda G. Geirsdóttir situr í nefnd sem fer yfir lög um útflutning hrossa, og liggur fyrir tillaga um að hross verði a.m.k. bandvön er þau fara úr landi. Flutningurinn með Norrænu til Noregs virðist ekki ætla að ganga upp, en mögulegt er að af flutningi til Færeyja geti orðið.

Hrossaræktarsamtök Suðurlands tóku þátt í landbúnaðarsýningunni fyrir hönd Félags hrossabænda og voru bæklingar félagsins þar í boði. Hlutur hestsins var góður. Hæst dæmdi kynbótagripur fyrir byggingu, Goði frá Þóroddsstöðum, var til sýnis sem og knapamerkjabækurnar og fleira kynningarefni. Nú eru bækur nr. 4 og 5 komnar út og stendur til að fara að halda námskeið byggð á þeim. Bækurnar eru fánlegar hjá Hólaskóla og í bóka- og hestavöruverslunum m.a..

Worldfengur er aðalverkfæri okkar til að þróa upplýsingagildi hrossaræktarinnar og þakkar Kristinn Jóni B. Lorange hjá BÍ fyrir samstarfið.

Mannaskipti hafa orðið í Fagráði. Nýir aðilar þar eru þau Sigrún Ólafsdóttir og Bjarni Þorkelsson, sem komu í stað Jóns Vilmundarsonar og Bergs Jónssonar. Um leið og þau eru boðin velkomin eru þeim Jóni og Bergi þökkuð góð störf í þágu fagráðsins. Nokkrar raddir hafa verið á lofti eftir kynbótasýningar vorsins um misræmi í dómum. Fagráð fór vel yfir þá hluti, en gat ekki staðfest neitt slíkt. Sýningargjald sem var kr. 12.000 sl. ár, þarf að hækka þar sem utanumhald sýninga er dýrt. Það eru búnaðarsamböndin sem krefjast hækkunarinnar og verður nýtt gjald kr. 13.500. Hugmyndir hafa komið fram í fagráði um hugsanlega breytt sýningahald í kynbótasýningum.

Hefðbundin verk eins og tilnefning til ræktunarverðlauna fara einnig fram í fagráði.

Ræktuninni fleygir fram og þeim sem eru með góða ræktun fjölgar. Rúmlega 30 bú komu til greina í ár, en ákveðið var að verðlauna 8 bú að þessu sinni.

Mikill áhugi er á kynbótasýningum, en leggja þarf áherslu á að breyta þeirri kreddu að einkunnin 7,5 fyrir tölt, sé ekki nógu gott tölt. Nauðsynlegt að sjá allan þverskurð kynbótahrossa og gera verður fólki ljóst að 7,5 er meðaleinkunn.

Á fagráðsfundi kom til umræðu að framlag upp á kr. 500 af hverju útfluttu hrossi til stofnverndarsjóðs, hefur verið óbreytt í mörg ár. Lagt verði fyrir fundinn að hækka framlagið í kr. 1.500.

Heimasíðan hefur gengið þokkalega en verið er að vinna að gerð nýrrar síðu. Miklir möguleikar eru með öflugri vefsíðu og verið er að skoða mismunandi vefkerfi.

Kristinn ræddi um að eitt mál hefði komið til kasta stjórnar varðandi aðbúnað og holdafar, þar sem aðili taldi sig misbeittan. Slæmt ef beitarmálin væru að færast í ofbeit. Hvetja þarf hestamenn til að afsetja hross sem ekki eru nýtt. Fleiri hross á Íslandi þjást þó af offitu en megurð. Hrossum er eðlilegt að grennast á veturna, þó auðvitað verði að huga vel að holdastigi þeirra.

Sumarexem er mál sem Fhb hefur komið að í gegnum tíðina. Mikill áhugi á að ná tókum á því. Rannsóknir héldu áfram á árinu, og er mest áhersla nú lögð á að skilgreina muninn á sjúkdómsferlinu, þ.e. hvort hrossin eru fædd hérlendis eða erlendis. Lítil reynsla er hjá íslenska hestsinum af veirusýkingum miðað við ormasýkingar. Mögulegt að hægt verði að hemja ónæmiskerfið til að hefja ofnæmi gegn flugunni sem veldur exeminu. Prófa á að bólusetja tilraunahóp. Það styttest í að hafnar verði tilraunir hérlendis, en fjármagn skortir.

Landsmót var aldrei fjölmennara en þarfnast endurskoðunar. Dagskráin var mjög þétt og þarfnast gagngerrar endurskoðunar. Hertar hafa verið kröfur kynbótahrossa og ýmsar leiðir eru færar í að léttu mótin. Hugmyndir hafa verið uppi um að skipta mótunum upp, t.d. í sérstakt barna- og unglíngamót, eða sérstakt kynbótahrossamót. Landsmót er sýningargluggi ræktenda.

VSK mál, hefur talsvert verið rætt og vel verið tekið í þau mál, en ráðherrar segja að það verkefni gerist ekki nema með endurskoðun VSK kerfisins í heild.

Gott samstarf hefur verið við Landbúnaðarháskóla Íslands. Verkefni í gangi til að athuga eitt og annað t.d. er varðar húsvistun hrossa, hvernig má t.d. byggja ódýrari hesthús.

Samstarf við Félag tamningamanna í skoðun um sérstakan menntadag, sem haldinn yrði á um 2-3 stöðum.

Staða FHB innan félagskerfisins er fín, og ágætt samstarf við Félag tamningamanna og Landsamband hestamannafélaga. Sameiginlegur starfsmaður FT og FHB er Hulda G. Geirsdóttir.

Helstu verkefni næsta árs eru exem rannsóknirnar. Einnig þarf að leggja áherslu á að sinna erlendum viðskiptum. Innanlandsmarkaður mun dragasta saman. Sækja þarf á erlendis. Reynsla margra sem eru í hrossasölu er sú að keppnishross eða reiðskólahross hafa verið vinsælust erlendis. Vantar að einblína á að fá gott verð fyrir meðal reiðhest. Ekki svo að skilja að FHB sé að fara að selja hross.

Nú stefnir í metútlutning á árinu, aukning um 42 hross frá í fyrra nú þegar. Alla föstudaga fara um 40 hross út.

Gat þess að árið 2003 fóru um 1400 hross úr landi, árið 2005 voru þau um 1501, svo árið 2007 hafði útfluttum hrossum fjölgað í 1497 og árið 2008 verður slegið met í útflutningi hrossa, en það stefnir í að alls 1700 hross verði flutt út á árinu.

Framtíðin hjá hrossabændum felst í að fara vel yfir stóðin og afsetja það sem ekki er framtíð í.

Frumtemja hrossin sjálf. Nýta sóknarfærin. Hesturinn hefur oft komið þjóðinni yfir erfiðleika.

Kristinn þakkar stjórn og starfsmanni samstarfið.

Eyþór Einarsson, gjaldkeri FHB, fór því næst yfir reikninga félagsins. (sjá reikninga).

Kjörbréf bárust úr öllum deildum nema Hornafjarðardeild:

1 fulltrúi á byrjaða 50 félagsmenn. Formaður er sjálfkjörinn.

Deild:	Sendir:	Mættir:
Vesturl.	3	2
Dalamenn	2	2
V. Hún.	3	3
A. Hún.	3	3
Skagafj.	5	5
Eyf. + Þing.	7	7
Hrs. Suð.	11	10
Austurland	3	2

Einar K. Guðfinnsson, ráðherra landbúnaðar- og sjávarútvegs, ávarpaði fulltrúa og sagði að mikið vatn hefði runnið til sjávar á einu ári. Hefur hann minni áhyggjur af hrossabúskap en af öðrum búgreinum og telur hrossabúskapinn spjara sig. Hið opinbera hefur sett greininni leikreglur og bera Bændadamtökin ábyrgð á því að fylgja þeim eftir.

Einar talar um tvö kjarnaatriði, en það eru virðing og þekking innan greinarinnar og þekking á markaðsmálum, sem skiptir miklu máli. Byggður hefur verið upp umtalsverður útflutningur sem hefur haldist jafn, en núna þegar krónan féll, hefur útflutningur stóraukist. Ekki hefur það þó með öllu verið dans á rósum, þar sem yfirfærsla gjaldeyris hefur verið erfið. Skortur hefur verið á trausti innan bankakerfisins. Einar hefur áhyggjur af ófyrirséðum afleiðingum, óskammfeilni breskra stjórnvalda er þeir skráðu okkur á hryðjuverkalista.

Eins og öllum kunnugt, hefur margt breyst við hrossahald. Stóraukin er almenn eign jarðaparta. Passa þarf að ástandið í þjóðfélaginu komi ekki niður á skepnunum, meiri ástæða er nú, en nokkru sinni fyrr að gæta að ásetningi. Góð vísa er seint of oft kveðin, og hafa verður vara á sér við að leiðbeina hesteigendum um úrlausnir.

Einar ítrekar að lokum mikilvægi þess að standa þétt saman um að skuggi falli ekki á greinina.

Kristinn þakkar Landbúnaðarráðherra samstarfið og tekur undir orð ráðherrans um að aldrei sé meiri þörf á að vel sé haldið á spilum.

Orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins:

Magnús Jósefsson þakkar formanni ágæta skýrslu. Telur hann best að halda landsmótin bara í Skagafirði. Á annars glæsilegu landsmóti sl. sumar voru annmarkar sem ekki ættu að líðast á okkar tímum, t.d. varðandi hreinlætisaðstöðu, ruslatunnur yfirfullar og umgengni slæm. Gagnrýnir hann ræktunarbúsýningar. Þar komu fram hrossin sem voru búin að koma fram meira eða minna allt mótið.

Baldvin Kr. Baldvinsson tekur undir með Magnúsi. Stærsta samkoma íslenska hestsins er landsmót. Mótið í ár undirstrikar að mótið sé of stórt. Hann er ósáttur við verðlaunaafhendingu og kynningu afkvæmahesta. Fannst mikið óskipulag í sýningunni. Magnús bendir á Hólaskóla í Skagafirði, sem er háskóli í reiðmennsku, sem æskilegan stað fyrir landsmót. Telur þörf á að stokka mótið upp, það sé orðið of umfangsmikið og Gaddstaðaflatir séu enganvegin sniðnar til að taka á móti öllum þeim fjölda fólks sem þangað kom. Ólíðandi sé að lenda í slíkri umferðarteppu sem skapaðist á leiðinni út af svæðinu og hafði áhyggjur af því hvernig hefði verið hægt að koma sjúkum út af því í neyð. Vill hann algjöra endurskoðun varðandi landsmótin.

Kári Arnórsson bendir á að umfjöllun um landsmótin erlendis hefur verið afar jákvæð og góð.

Birna Hauksdóttir ber landsmótið saman við HM í Hollandi, þar sem tekið var á móti fleira fólki en á landsmótinu. Fannst henni tilkynningar um Hestatorgið yfirþyrmandi og óþolandi. Setur út á verðlaunaafhendingu kynbótahrossa og tónlistina sem spiluð var á mótinu. Birna þakkar góða skýrslu, en er svekkt yfir að ekki skuli vera hægt að flytja hross til Noregs. Gagnrýnir hve illa hefur gengið að koma tollstöðinni upp í Færeyjum. Hún þakkar fyrir knapamerkjabækurnar og ítrekar að fylgja allri fræðslu eftir sem og hrossasölu. Gagnrýnir heimaréttina í Worldfeng, sem byggist á kennitölum, en Birnu finnst að hún ætti frekar að byggjast á heimilisfangi eigenda þannig að fjölskyldur geti verið saman í heimarétt. Er sátt við að hækka gjaldið í stofnverndarsjóð í kr. 1.500.

Varðandi markaðsmál bendir Birna á að nú sé hér mikill fjöldi útlendinga að skoða hross. Vandamál séu með greiðslur, fólkið treystir ekki bankakerfinu og velur að koma greiðslum sjálf til skila. Gagnrýnir LH fyrir að ræða um kynbótamál á haustþingi sínu, segir þau ekki þeirra mál.

Guðlaugur Antonsson þakkar yfirgripsmikla og góða skýrslu og er ánægður með reikningana. Hann bendir Magnúsi, sem vill fara með landsmót norður, á það hve mikill munur er á aðsókn mótanna fyrir norðan eða sunnan. Guðlaugur talar um brautina á Hellu, þar sem römmuð var inn 200 metra braut, sem er 50 m styttri en upp er gefið. Knaparnir virtu hins vegar ekki takmarkanirnar. Afkvæmahross þurfa að vera sýnd á hringvelli til að njóta sín og stóð það til á Gaddstaðafötum, en fljótlega varð ljóst að hringvöllurinn myndi ekki þola 70 kynbótahross fyrir úrslitin í gæðingakeppninni. Nákvæmlega sami tími fór í kynbótasýningarnar og á Vindheimamelum, en aðstaðan er önnur. Getur hann þess einnig að neyðarleið var út af svæðinu á Hellu.

Indriði Karlsson vill hnykkja á umræðum um landsmót. Telur að stórbæta þurfi aðstæður á Hellu, þannig að tryggt sé að allir áhorfendur sjái það sem fram fer. Minnst á afkvæmasýningarnar. Sýnendur óánægðir. Óhæft að vellir séu svo lakir að þeir þoli ekki álagið af sýningum kynbótahrossa og gæðingaúrslit í kjölfarið.

Gunnar Ríkharðsson vill fá svör varðandi reikningana, finnst hafa orðið mikill viðsnúningur í rekstrinum.

Eyþór Einarsson svarar því til að vera ekki of bjartsýn, þó reikningarnir séu góðir. Bendir hann á styrk, sem nýta á núna í ár, vaxtatekjur upp á tæpa milljón og féð er komið í betri ávöxtun en áður var. Býst ekki við slíkum hagnaði næstu árin. Skýring á því að gjöld fóru niður um 6 milljónir, er sú að ákveðið lögfræðimál kláraðist í fyrra.

Kristinn Guðnason telur eðlilegt að landsmót hvíli mikið á mönnum. Nokkuð sérstakt við þetta mót, var hið mikla fjölmenni, sem þar var. Finnst honum of mikil áhersla á hve miklum hagnaði mótin skila en hagnaður varð af mótinu. Svæðið á Hellu fékk áður 21%, en núna fékk það 10%. Búið er að semja við Skagfirðinga um að fá 0% af hagnaði næsta Landsmóts. Telur þetta afar slæma þróun. Honum fannst ekki hafa verið nóg leitað til heimamanna með ýmsa aðstoð við skipulagningu mótsins. Umferðarteppan sem myndaðist er nokkuð sem brýnt er að laga. Uppgræðsla er þegar nokkur á svæðinu, en erfitt er að ráðast í miklar framkvæmdir þarna, nema að vitað sé fyrirfram hvort svæðið verði nýtt, því þá verður jarðrask minna. Vont er að ekki sé hægt að taka framtíðarákvörðun um landsmótsstaði.

Bornir voru upp reikningar félagsins og þeir samþykktir.

Matarhlé

Baldvin biður menn að skipa sér í nefndir.

Erindi:

Kristinn Guðnason flytur erindi til kynningar, um breytt fyrirkomulag kynbótasýninga. Stjórninni fannst gott að þessi hugmynd yrði rædd og kynnt. Stjórn FHB vildi láta kynna þetta fyrst hér hjá aðalfundinum.

- 1 Breytingar í gegnum tíðina. Gefin var umsögn og hæfileikadómar fóru fram við misjafnar aðstæður.
- 2 Á árunum 1990 - 2000 voru sýningarbrautir staðlaðar.
- 3 Í núverandi kerfi er vægi fyrir sköpulag 40% og byggingu 60%. 200m til 300 m völlur, 16 ferðir, 8 fram og til baka. Sem er lögleg sýning.
- 4 Hvers vegna, áhersla hefur verið á hraða og yfirferð. Talið hentugt fyrir ung hross. Bein braut er „hestvænni“. Ísland er eina þjóðin sem sýnir 4v hross og er mikið kynbótagildis verðmæti í því.
- 5 Hvers vegna breytingar, núverandi braut býður upp á litlar breytingar, riðið er frá a-b. Hraði nýtur sín vel, en aðrir þættir síður, svo sem hægt tölt eða aðrar hægar gangtegundir. Dómarar sjá illa hluta sýningarinnar, til dæmis til endana, þar sem snúið er við.

- 6 Áverkaskráning hefur leitt í ljós að þeim hefur fjölgað. Fagráð telur nauðsynlegt að íhuga breytingar á sýningum. Löng bein braut, þar sem sífellt er verið að snúa við, getur ýtt undir áverka. Fagráð mun leggja fram til umræðu, að færa kynbótasýningar á hringvöll, 300 m hringvöll. Hann hentar betur til að sýna fet, eða hægar gangtegundir.
- 7 Skeið og hratt stökk yrði sýnt á beinni braut, en stökk má sýna á hring.
- 8 Sjónsvið dómara yrði yfir allan völlinn, snúningar við enda vallar hverfa og sýningin verður jákvæðari fyrir hrossið.
- 9 Spurt er: hvað hefur breyst? Hvers vegna er verið að spá í breytingar?

Bregðast verður við þeim áverkum sem fram hafa komið en mest af þeim kom fram á bestu hrossunum á landsmótinu. Áverkarnir eru mun meiri í dómi, en á yfirliti. Engin fylgni er með aldri áverka, né gangtegunda.

Kynbótasýningarnar þurfa að fylgja þróun í reiðmennsku.

Umræður um erindi Kristins:

Sigurður Ævarsson vill vita hvort til séu athuganir á því hvort áverkar séu minni í gæðingakeppni á hring en í kynbótadómum á beinum velli. Veltir einnig fyrir sér hvort sýning á hringvellinum sé í reynd erfiðari en á beinni braut, þegar hringirnir eru lagðir saman.

Ingimar Ingimarsson rifjar upp þegar hann var hvað ákafastur að keppa á gæðingum og sýna kynbótahross, hve mikið frelsi fólst í því að komast út af hringvellinum inná beinu brautina. Fyrstu viðbrögð að við séum ekki á réttri leið. Hestvænt/ ekki hestvænt. Hringur virkar þvingandi. Hvað með beygjur á hringvelli varðandi ágríp? Rök með og á móti felli á jöfnu. Meira flæði í sýningu að hafa hring. Ingimar telur að dómara hafa ekki haft það gott í bílunum sl. Landsmót. Hann veltir fyrir sér að á Vindheimamelum áður fyrr, þá var hægt að sýna yfirlitsdóm á hring, en sjálfur dómurinn fór fram á beinni braut. Milliferð? Ef hross kemst hratt og hægt, þá þarf varla að dæma milliferð sérstaklega?

Magnús Jósefsson: Sem hrossaræktanda lýst honum illa á breytt fyrirkomulag, þar sem hrossin þurfa meiri þjálfun og kostnaður er þegar orðinn mikill við þjálfun, auk þess sem það þarf meiri tíma til að geta sýnt á hring. Þar að auki finnst honum hringvallarreid vera orðin of nærri íþróttakeppni. Sjónarmið kynbótadóma á að vera gæði hrossins í braut og gangtegunda, dómurinn á að snúast um gæði gangtegundarinnar, en ekki hve vel hrossið er tamið. Athugandi væri að prófa að hafa yfirlitssýningar á hring, en alls ekki að dæma á beinni braut. Einfaldara væri að gefa tvær aðskildar einkunnir fyrir tölt, annarsvegar hægt tölt og hins vegar tölt, ekki að vera að vega og meta hæga töltið inni í hækkun á heildareinkunn tölts. Telur að völlurinn á Hellu sé ekki hestvænn, nefnir nýjan völl á Blönduósi sem góðan völl.

Indriði Karlsson: Fannst ekki svo galið þegar hann heyrði um fyrirhugaðar breytingar fyrst, en þegar hann fór að hugsa málið, þá sá hann að þetta væri ekki gott, sérstaklega fyrir ungu hrossin. Áverkarnir eru til komnir vegna þess að mönnum er ekki refsað fyrir grófa reiðmennsku og myndu þeim ekki fækka við að fara á hring. Þau rök að það þurfi ekki að stoppa á hring eru ekki rétt, vegna þess að á beinni braut, þá fær vel sýnt hross tækifæri til að

stoppa, sem er gott fyrir það. Gæti verið sniðugt að setja yfirlit inn á hring. Telur að það þurfi að launa meira fyrir þjálfni.

Kristinn svarar Indriða: Það hefur mikið að segja að hrossin hafi betra flæði á hring, og ekki hefur verið tekið nóg á því að hross fari stjórnlaus eftir beinni braut. Hringurinn gerir þær kröfur að öðruvísi sé ríðið, hægja þarf á í skammhliðum og hrossið þarf að sýna þjálfni.

Auk þess er hringvöllurinn vægari fyrir hrossin, þau eru farin að kvíða fyrir beinu brautinni. Yfirlit á að vera þannig að frjálsleikinn sé í fyrirrúmi, þannig að knapar hafi möguleika á að gera betur enn í dómi, þess vegna sé ekki sniðugt að ríða á hring í yfirlitsdómi.

Kristinn svarar Sigurði Ævars: Hringvöllurinn gerir 1200 metra, þ.e. 4 hringir á vellinum. Er það því léttari sýning en á beinni braut. Kristinn telur víst að minni áverkar séu í gæðingakeppni.

Kristinn svarar Ingimari: Telur að með of miklu frjálsræði verði leiðinlegra að horfa á kynbótasýningarnar.

Indriði Karlsson hefur áhyggjur af því að hross verðfalli við hlið gæðinga, sem eru þjálfaðir sem slíkir, auk þess sem þeir eru gjarnan þyngdir.

Guðlaugur Antonsson biður menn að misskilja ekki forsendur þess að vilja taka þessa umræðu upp. Ekkert er enn búið að ákveða og þarf ferlið fyrst að fara í gegnum FEIF. Hefur hann sjálfur ekki verið fylgjandi því að færa sýningar ungra hrossa inn á hring, en því meira sem hann skoðar málið því jákvæðari verður hann. Hross eru gjarnan föst á taum, sem sýnd eru á beinni braut. Er eðlilegt að eigendur geti ekki ríðið hrossum eftir kynbótaþjálfun? Liggur ábyrgð hjá knöpum eða dómurum?

Gefnar eru tvær einkunnir fyrir tölt. Erfitt að breyta innbyrðis vægisstuðli töltsins.

Jón Vilmundarson: Telur að ákveðin atriði væru vart til bóta ef farið er á hring; t.d. dómur um vilja og geðslag. Réttara væri að dæma það á beinni braut. Eins hvenær sýna skuli t.d skeið, betra er að geta stillt því upp eftir formi hrossins hverju sinni.

Jón getur þess að upplýsingar séu orðnar svo miklar að hægt fer að verða að reikna út arfgengi í áverkum, sem er mjög mikilvægt.

Gunnar Ríkhartsson: Sér ekkert því til fyristöðu að blanda saman hring og beinni braut. Grunnpunkturinn er sá að muna að þetta er dómur yfir hrossinu, kynbótagildi hrossins, en ekki þjálfunarstiginu. Hann vill koma á sambandi milli knapa og dómara rétt fyrir lok sýningar, þannig að mögulegt sé að bæta þær gangtegundir, sem dómara eru hugsanlega að velta fyrir sér fyrir lok sýningar.

Baldvin Kr. Baldvinsson: Þörf og góð umræða, er sammála Gunnari Ríkhartssyni um að samskiptaleyfi milli dómara og knapa geti bitnað á möguleika þess að ná réttri einkunn. Verið er að finna kynbótagripi, og kaupa dóm á hrossin, þannig að rétt ætti að vera að dómara geti tjáð sig í hátalarakerfi um hvort þeir vilji sjá meira af ákveðnum gangtegundum. Aðhyllist þá hugmynd að færa yfirlitssýningu á hring. Hyggur að framtíðin sé sú að verið sé á hring. Hugmynd hvort knapinn á val um að ríða beint, eða í hring. Áverkar, dómara hafi spjöld,

mikið feimnismál að spjalda knapa, þannig á það ekki að vera. Sjáist að hestur tekur völd af knapa, á að spjalda, en ekki að hækka einkunn hestsins, eins og gerðist sl. landsmóti.

Guðlaugur Antonsson: Völlurinn á Hellu hefur verið mikið gagnrýndur fyrir að hrossin sem þar eru sýnd fái frekar áverka, mest af áverkum kom á landsmótinu, en ekki var mikið um þá á síðsumarssýningunni, sem var nákvæmlega eins sett upp. Ungt hross sem fer hringvöllinn, spilandi létt þjált, hlýtur að vera betri ræktunargripur en hross sem tekur 3 ár að þjálfa til þess sama.

Er ekki samþykktur samskiptum við knapa í dómi.

Varðandi yfirlit á hring, er Guðlaugur sammála Kristni um að hafa hana frjálssa á beinni braut. Spjöld; Reynslan sýnir að það eru lítið vanir knapar sýna grófustu reiðmennskuna en minnstu ágripin koma hjá þeim, það eru frekar þeir reyndu sem negla hrossin á tauminn, sem erfitt er að sjá hvort ríða gróft eða ekki.

Gunnar Ríkarðsson: mótmærir „útúrsnúningum“ Guðlaugs. Telur að ekki hafi skilist það sem hann meinti, en það var að koma á einhverjum samskiptum t.d. við brautarenda, af vallarstarfsmanni, milli knapa og dómara, fyrir síðustu ferð, þar sem möguleiki væri að sjá það sem dómurum þætti betur mætti fara. Minnir á að ræktendur hafa kostað miklu til.

Birna Hauksdóttir hefur mikinn áhuga á kynbótasýningum og hefur margra ára reynslu af því að horfa á þær. Veltir fyrir sér hvort knapar hafi val um hvort þeir sýni á hring eða beinni braut. Tekur undir með Jóni Vilmundarsyni, um að á beinni braut sérðu fasið, frjálssleikann og viljann.

Sammála Gunnari Ríkarðssyni um að koma á samskiptum fyrir síðustu ferðina.

Telur kynbótasýningar í dag orðnar eins og grófustu íþróttakeppni, þar sem tekið er á smáatriðum sem mættu njóta vafans.

Hulda G. Geirsdóttir talar um ósamræmi í kynbótadómum og vitnar í hryssu í hennar eign, sem hefur bæði fengið 6.5 og 8.0 fyrir höfuð.

Hún talar um að hafa reynslu af því að dæma á hringvelli og dæma á beinni braut. Mjög erfitt er að hafa góða yfirsýn á beinni braut að hennar mati.

Veltir Hulda fyrir sér, að þegar hestur á stórmóti grípur á sig svo öll brekkan sér, hvers vegna ekkert sé gert? Sáu dómarnir ekki þegar hann var alblóðugur? Hugsanlega vegna fjarlægðar úr skúrnum?

Kristinn Guðnason: Margt hefur komið fram, jákvætt og neikvætt.

Talsvert ósammála Jóni Vilmundarsyni og Birnu Hauksdóttur varðandi það, hve erfitt eða auðvelt sé að dæma vilja og geðslag á beini braut, hann telur að hann geti ekki metið hvort hrossið sé uppspennt, eða hvort það sé þjált, eins og þarf ef sýnt væri á hring.

Vonar að ekki sé rétt að ágripin séu mest í besta úrvali kynbótahrossa. Finnst málið snúast um það hvort þetta blandaða sýningaform gefi bestu upplýsingarnar um hrossið?

Magnús Andrésson: Ef taka á ágripin föstum tókum, skuli athuga gæði vallarins. Hross víða að, eru ekki þjálfuð né vön vikurvöllum. Fótaburður hækkar oft þegar hrossin fara að fjaðra á vikrinum og engin gefur eftir þegar á hólminn er komið.

Kristinn Hugason telur vert að huga vel að þessari hugmynd um að færa kynbótasýningarnar inn á hringvöll. Opið þurfi að vera hvort sýnt sé á beinni braut eða á hring.

Varast þurfi að stytta brautirnar um of, en alvöru vekringar þurfa a.m.k. 250-300m.

Kristinn telur að varðandi ágrípin, sé áspenntum hlífum um að kenna, þær hlífa minna. Sannfærður um að ágrípaþætta liggur í erfðum. Voðinn vís ef hross leggst á tauminn í sýningu. Spurning um hvort auka ætti örlítið við þyngd fótabúnaðar, til að fá möguleika á að verja meira, jafnvel nota legghlífar.

Hvetur fundarmenn til að fagna þessari hugmynd og hugsa hana vel.

Tillögur lagðar fram til nefnda:

Hulda G. Geirsdóttir leggur fyrir allsherjarnefnd þá tillögu að hækka gjald af hverju útfluttu hrossi úr kr. 500 í kr. 1.500 til stofnverndarsjóðs.

Gunnar B. Dungal, kemur með hugmyndir að tillögum.

- a) Vill skoða FHB, með tilliti til þess hvort ástæða sé til að fara í stefnumótunavinnu. Það er búið nýlega, en er sennilega þörf á að gera það fljótlega aftur.
- b) Ástæða fyrir ræktendur að vera í félaginu.
- c) Á þessum síðustu og verstu tímum sé gott að hafa öflugt stéttafélag.
- d) Kennitölur úr rekstri. Mögulegt var að bera sig saman við aðra ræktendur varðandi upplýsingar úr rekstrinum. Jafnvel að beita sér fyrir stórkaupum, þ.e. magninnkaup.
- e) Bendir á varðandi heimasíðuna, hvort félagsmenn mættu vera linkuð inn á hana.
- f) Varðandi ræktunarbú, sem tilnefnd eru til verðlauna, mætti kynna þau vel nokkru fyrir verðlaunaafhendingu.
- g) Gunnar vill vita í hvað má nýta þær 25 milljónir sem eru í þróunarssjóði.

Hulda G. Geirsdóttir svarar því til að félaginu sé óheimilt samkvæmt samkeppnislögum að gefa út nokkrar viðmiðunartölur varðandi rekstur eða annað slíkt.

Kaffihlé

Tillögur úr nefndum lagðar fram til umræðu og afgreiðslu.

Allsherjarnefnd - Jósef Valgarð Þorvaldsson:

Ein tillaga lá fyrir nefndinni og önnur varð til.

1. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 7. nóvember 2008, leggur til að gjald af hverju útfluttu hrossi sem rennur í stofnverndarsjóð, verði hækkað úr kr. 500 í kr. 1.500.

Greinargerð:

Gjald þetta hefur verið óbreytt í mörg ár og ekki fylgt annarri verðlagsþróun. Mikilvægt er að styrkja stöðir stornverndarsjóðs sem nú gegnir fyrst og fremst því mikilvæga hlutverki að styðja við rannsóknir.

Samþykkt með öllum greiddum athvæðum

2. Aðalfundur Félags hrossabænda, haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 7. nóvember 2008, felur stjórn að leggja fram á næsta formannafundi stefnumörkun og nýtt skipurit félagsins, með hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Markaðsnefnd - Svanhildur Hall

Engar tillögur lágu fyrir nefndinni, en hún gerði óbæina ályktun.

Umræður snérust að mestu um að heimasíðan væri besti spegill félagsins. Með fallandi gengi er erlendi markaðurinn það sem blívur og fólk fer á netið til að nálgast vöru. Heimasíða Félags hrossabænda gæti verið öflugur markaðs- og upplýsingagluggi. Hugmynd um að setja tengil inn á Worldfeng til að auglýsa síðuna. Hafa þar einnig upplýsingar um útflutning, exem, spat, bólusetningar, leiðir til að fá fólk reglulega inn á síðuna. Láta síðuna vinna sjálfa með því að hinn almenni félagsmaður gæti haft link á sína heimasíðu og gæti þar haft góða kynningu á sínu búi. Hafa hana auk íslensku á ensku, þýsku og sænsku.

Ályktun:

Felum stjórn að koma upp öflugri heimasíðu á 4 tungumálum sem geta orðið rækilega auglýstur markaðs- og upplýsingagluggi fyrir hrossabændur.

Ræktunarnefnd - Ingimar Ingimarsson:

Enginn tillaga lá fyrir nefndinni og hún skilar engri.

Kynbótanefndin var að þessu sinni fjölskipuð, 14 skráðir til setu, en fleiri bættust í hópinn.

Miklar umræður urðu um möguleika þess að færa kynbótadóminn inn á hringvöll.

Menn sammála um að ekkert er endanlegt. Það sem við búum við í dag er ekki endilega það besta. Fagrað telur að vegna aukinna áverka sé breytinga þörf og bregðast verði við þeim.

Skóða þarf hvort samhengi sé mælanlegt á milli ágripa og einkunnar fyrir skeið. Er meira um áverka þegar verið er að reyna að ná meira út úr hrossum en þau geta, járnningar, hóflengd, hugsanlega auknar varnir, (hlífar).

Niðurstaða: Halda þessu áfram í umræðunni næsta árið. Hugmynd um að koma á nokkurs konar tilraunaverkefni þar sem dómara á samræmingarnámskeiðum myndu kalla til hóp knapa og gera á því athuganir hvernig best væri að útfæra breytt fyrirkomulag, stefna á að val yrði um það hvort menn nýti sér hringvöll eða beina braut.

Fjárhagsnefnd - Birna Hauksdóttir.

Nefndin leggur til óbreytt árgjald árgjald kr. 4000.-

Kosningar:

Kjósa á tvo stjórnarmenn. Uppstillinganefnd stingur upp á sitjandi gjaldkera og stjórnarmanni, sem í þessu tilviki eru þeir Eyþór Einarsson og Sigbjörn Björnsson.

Samþykkt með lófaklappi.

Þrír varamenn í stjórn til eins árs í senn:

- 1) Bertha G. Kvaran.
- 2) Pálmi Ríkharðsson.
- 3) Magnús Jósefsson.

Önnur mál voru engin á dagskrá. Kristinn Guðnason þakkaði fundarstjórum gott starf á fundinum og sleit fundi.